

## Magnús Orri Schram setur ríkisstjórninni 5 skilyrði

Smáfuglunum brá nokkuð, þegar rætt var við Magnús Orra Schram þingmann Samfylkingar, í hádegisfréttatíma RÚV 11. mars, um skilyrði þess, að hann styddi ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur. Nefndi hann 5 skilyrði og sagði, að tafarlaust yrði að leysa Icesave-deiluna, það væri númer eitt. Hin skilyrðin eru líka gamalkunn:

„Halda áfram efnahagsuppbyggingunni í samstarfi við AGS, styrkja úrræði fyrir skuldug heimili, koma atvinnulífinu af stað og að laga útgjöld ríkisins að tekjum þess hvað sem það kostar.“

Hvers vegna brá smáfuglunum? Í fyrsta lagi vegna þess að nú fyrst sé Magnús Orri að átta sig á því, að ekkert af loforðum ríkisstjórnarinnar við myndun hennar gengur eftir. Í öðru lagi vegna þess að Magnús Orri nefndi ekki aðild að ESB sem eitt af skilyrðunum. Í þriðja lagi vegna þess að smáfuglarnir vissu ekki að breyting yrði á ráðherraliði Samfylkingarinnar.

Smáfuglarnir eru þeirrar skoðunar, að leið Jóhönnu til að „þetta raðir“ ríkisstjórnarinnar sé að taka þá í stjórnina, sem skilyrða stuðning sinn við hana. Þetta á að minnsta kosti við um Ögmund - hvers vegna ekki líka um Magnús Orra?